



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 12. mars 2018

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

12. mars 2018, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætti til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Baldur Kjartansson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Baldur H. Friðriksson, Hinrik Ingólfsson, Heiðbjört Antonsdóttir og Höskuldur Haraldsson.

Einnig sat fundinn Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: **Deiliskipulag íþróttasvæðis** – Yrki arkitektar vinna að gerð deiliskipulags íþrótt- og útivistarsvæðis Vopnafjarðar. Er svæðið staðsett ofan íbúabyggðar þéttbýlisins og afmarkast af iðnaðarsvæði að vestan, íbúðabyggð sunnantil og landslagi norðan- og austanmegin. Stærð deiliskipulagssvæðisins er um 75.000 m². Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Magnús gerði nánar grein fyrir málin sem var til kynningar.
2. mál: **Vallarhús á íþróttasvæði** – Yrki arkitektar vinna að hönnun vallarhúss á íþróttasvæði Vopnafjarðar. Meðfylgjandi er grunnmynd húss, ásýndir og snið en áfram er unnið að hönnun hússins. Magnús gerði nánar gein fyrir málinu sem var til kynningar.
3. mál: **Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps** – Yrki arkitektar vinna að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 til samræmis við áform sveitarfélagsins um eflingu og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi, sbr. fyrirbyggjandi skipulagslýsingu. Verkefnalýsingin með áorðnum breytingum er til umsagnar í skipulagsnefnd.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að hugmyndin um fuglaskoðunarhús í Skiphólma verði ígrunduð nánar. Með slírki byggingu er óspilltri ásýnd hólmanns raskað og eins ber að hafa í huga þá erfiðu/kostnaðarsömu framkvæmd sem til þarf við gerð göngustígs í hólmann. Skipulags- og umhverfisnefnd mun taka verkefnalýsinguna fyrir að nýju þegar fyrir liggur nánari útfærsla hennar. Samhljóða samþykkt.

4. mál: **Svæðisskipulag Austurlands** – Verkefnalýsing svæðisskipulags Austurlands 2019-2044 er ætlað að gera grein fyrir áherslum svæðisskipulags-nefndar við gerð svæðisskipulagsins, forsendum þess og fyrirbyggjandi stefnu. Meðfylgjandi er verkefnalýsingin unnin af svæðisskipulagsnefnd Austurlands. Er lýsingin til umsagnar í skipulagsnefnd.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir svæðisskipulagslýsinguna fyrir sitt leyti og leggur til að sveitarstjórn taki hana til umfjöllunar og afgreiðslu. Samhljóða samþykkt.

5. mál: **Bustarfell** – Bragi Vagnsson Bustarfelli sækir um heimild til að reisa smáhýsi/sauðburðarhús á jörðinni Bustarfelli. Meðfylgjandi eru uppdrættir, byggingarlýsing og loftmyndir ásamt bréfi dags. 22. febrúar 2018.

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur tekið erindið fyrir. Nefndin óskar eftir að fá formlega byggingarleyfisumsókn og fullnægjandi gögn, þ.e. afstöðumynd, aðalteikningar og burðarþol, innlögð.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt – fundi slitið kl. 13:10.